

REGLUR

um árshlutauppgjör viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana.

1. gr.

Reglur þessar taka til viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, enda sé niðurstöðutala efnahagsreiknings hlutaðeigandi stofnunar yfir 2.000 m.kr. í upphafi árs. Bankaeftirlitið getur veitt einstökum stofnunum, sem falla undir lög nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, undanþágu frá skyldu til að semja árshlutauppgjör ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

2. gr.

Stofnanir sem um ræðir í 1. gr. skulu semja árshlutauppgjör miðað við 30. júní ár hvert. Árshlutauppgjör skal jafnframt samið fyrir samstæðu móðurfélags og dótturfélaga.

Árshlutauppgjör skal hafa að geyma rekstrar- og efnahagsreikning, fjárstreymisýfirlit og skýringar. Ákvæði reglna nr. 554/1994 um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana gilda um árshlutauppgjör, eftir því sem við getur átt varðandi innihald, framsetningu og skýringar og mat á efnahagsliðum. Í skýringum skal sérstaklega veita upplýsingar um einstaka gjalda- og tekjuliði sem kynnu að gefa villandi mynd af afkomu viðkomandi tímabils. Afskriftaþörf útlána skal byggð á sjálfstæðu mati með sambærilegum hætti og gert er við ársuppgjör sbr. ennfremur viðauka I með reglum nr. 554/1994.

Í árshlutauppgjöri skal sýna samanburðartölur miðað við sama tímabil fyrra árs.

3. gr.

Árshlutauppgjör skal liggja fyrir eigi síðar en tveimur mánuðum eftir uppgjörsdag, áritað af stjórn og framkvæmdastjóra/-stjórum hlutaðeigandi stofnunar. Hafi uppgjórið verið endurskoðað eða kannað skal það jafnframt áritað af endurskoðanda stofnunarinnar.

Áritað árshlutauppgjör skal sent bankaftirliti Seðlabanka Íslands jafnskjött og það liggur fyrir. Það skal jafnframt liggja frammi á starfsstöð hlutaðeigandi stofnunar og afhent viðskiptaaðilum sem þess óska.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 65. gr. og 6. mgr. 66. gr. laga nr. 43/1993 og 11. gr. laga nr. 123/1993 og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í árshlutauppgjöri miðað við 30. júní 1996 þarf ekki að sýna samanburðartölur miðað við sama tímabil fyrra árs.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. þarf árshlutauppgjör miðað við 30. júní 1996 ekki að liggja fyrir fyrir en þremur mánuðum eftir uppgjörsdag.

21. júní 1996.

Seðlabanki Íslands.

Eiríkur Guðnason.

Þórður Ólafsson.